

Uppgjör mjólkur fyrir verðlagsárið 2011

Árið 2011 var mjólkurframleiðsla samtals 124.778.806 lítrar. Greiðslumark ársins var 116.000.000 lítrar og umframmjólk varð því 8.876.708 lítrar. Aðildarfélag SAM tóku á móti 124.462.110 lítrum, þar af 8.612.897 lítrum af mjólk sem framleidd var utan greiðslumarks.

Á verðlagsárinu 2011 nam útflutningur, af hálfu aðildarfélaga SAM, 1.660.740 kg af mjólkurvörum sem umreiknast með ríkisstuðlum yfir í 10.665.406 lítra mjólkur á próteingrunni og 11.879.927 lítra á fitugrunni. Sundurgreindur útflutningur verðlagsársins í magni mjólkurvara og umreiknaður yfir í mjólk frá framleiðendum, var sem hér segir:

Útflutningur aðildarfélaga SAM árið 2011

Vöruflokkur	Kíló	Umreiknað í lítra mjólkur miðað við	
		fitu (lítrar)	prótein (lítrar)
Skyr	380.132	15.770	1.344.169
Smjör	522.995	10.832.795	759.912
Ostar	132.613	937.612	1.273.200
Undanrennuduft	650.000	93.750	7.288.125
Samtals:	1.660.740	11.879.927	10.665.406

Samkvæmt 52. grein laga nr. 99/1993 skal framleiðsla mjólkur umfram greiðslumark fara á erlendan markað á ábyrgð hvers framleiðanda og viðkomandi afurðastöðvar. Með útfluttu magni mjólkurvara á verðlagsárinu 2011, af hálfu aðildarfélaga SAM, hafa þau uppfyllt framangreint útflutningsákvæði laga nr. 99/1993, þar sem útflutningur uppfyllti ákvæði laganna í magni talið. Þar sem sala mjólkur á innanlandsmarkaði á verðlagsárinu 2011, var minni en úthlutað greiðslumark sama verðlagaárs, var flutt út meira mjólkurmagn en sem svaraði útflutningsákvæðum laga nr. 99/1993. Þetta var liður í birgðastjórnun mjólkurvara á landsvísu. Á próteingrunni var flutt út um tveim milljónum lítrum meira en sem nemur umframmjólk verðlagsársins, og um þremur milljónum lítrum meira á á fitugrunni. Aðildarfélag SAM hafa samræmdar greiðslur til framleiðenda umframmjólkur hverju sinni.

Samstarfsnefnd SAM og BÍ afgreiðir mjólkuruppgjör hvers verðlagsárs og sendir til Framkvæmdanefndar búvörusamninga til staðfestingar. Mjólkuruppgjör vegna verðlagsársins 2011 verður sent til Samstarfsnefndar SAM og Bændasamtaka Íslands þegar stjórn SAM hefur afgreitt uppgjórið.